

Viktoríuhús í Vigur



Viktoríuhús í Vigur t.v. og gesthús t.h. GLH 2004.

Byggingarár: Um 1861.

Athugasemd: Flutt inn tilsníðið frá Noregi. Anddyri við Viktoríuhús er hluti eldri timburstofu sem að líkindum var einnig innflutt.

Hönnuður: Ókunnur.

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1992.ⁱ

Breytingar: Flutt til um rúma breidd sína 1992.

Þjónustuhús reist við húsið 1992–1993.

Hönnuður: Hjörleifur Stefánsson arkitekt.ⁱⁱ

Viktoríuhús er tvílyft timburhús, 4,50 m að lengd og 3,88 m á breidd, með lágu risþaki. Við austurhlið er anddyri með risþaki, 3,85 m að lengd og 2,08 m á breidd. Húsin standa á steinlímduðum grjótsökkli, veggir eru klæddir listapili og þök rennisúð. Á suðurstafni eru fjórir póstagluggar með tveimur þriggja rúðu römmum og tveir á vesturhlið. Strikasylla er undir þakskeggi og gengur fyrir stafna hvorum megin. Dyr eru á suðurhlið anddyris og fyrir þeim tvöfaldar vængjahurðir og þvergluggi yfir. Litill einnar rúðu gluggi er á austurstafni anddyris. Steinhlaðinn reykháfur er við norðvesturhorn hússins.


Í anddyri eru dyr að stofu í Viktoríuhúsi, stigi upp á loft og dyr að einlyftri gestastofu með risþaki sem er sambyggð húsunum að norðan- og austanverðu. Á norðurvegg stofu eru dyr að gestastofu. Upp af stiga er kames og dyr að herbergi í Viktoríuhúsi. Veggir anddyris og kames eru klæddir standþili, stofa og herbergi eru klædd brjóstþili með spjaldreitum að neðan en veggfóðri að ofan. Í anddyri er loft á bitum en langsúð í kamesi. Í stofu eru spjaldaloft á milli klæddra bita og í herbergi er súðar- og skammbitaloft klætt reitaþiljum.



Viktoríuhús, stofa. GLH 2004.




Viktoríuhús, herbergi í risi. GLH 2004.




ÜTLY NORDSÍÐULIÐAR



ÜTLY SÍÐURLIÐAR





ÚTLIT NORÐURLEIÐAR



ÚTLIT SUDURLEIÐAR

Viktoríuhús í Vigur og gestabús, grunnmynd og útlit. Teikningar Hjörleifs Stefánssonar arkitekts.

ⁱ Guðmundur Magnússon. Skýrsla um Þjóðminjasafn Íslands og vörslu þjóðminja 1992, 175-176. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1992; *Af norskum rótum*. Hjörleifur Stefánsson. *Um norsk ábrif á íslenska byggingarsögu*, 34-35. Mál og menning. Reykjavík 2003.

ⁱⁱ Þjóðminjasafn Íslands. Teikningasafn. Viktoríuhús í Vigur.